

Priðjudaginn 21. september 1943.

Kærumálið nr. 6/1943. Þórhallur Arnórsson
gegn

Kristjáni Guðmundssyni.

Krafa um frest ekki tekin til greina.

Dómur hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson lögmaður hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Með kæru, dagsettri 21. júní þ. á., er kom til hæstaréttar 9. ágúst þ. á., hefur kærandi skotið til hæstaréttar úrskurði, kveðnum upp í bæjarþingi Reykjavíkur 17. júní þ. á., þar sem honum er synjað frests til vitnaleiðslu. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og frestur veittur til vitnaleiðslu. Svo krefst kærandi og málskostnaðar úr hendi varnaraðilja fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Varnaraðili krefst staðfestingar úrskurðarins og málskostnaðar af kæranda eftir mati hæstaréttar.

Mál þetta hefur varnaraðili höfðað í héraði á hendur kæranda til endurheimtu hluta af andvirði bifreiðar, er kærandi hafði selt honum, en tekið aftur. Telur varnaraðili bifreiðina hafa verið stórgallaða, er kaupin gerðust. Þessu er andmælt af kæranda, og hefur hann sínum málstað til styrktar lagt fram 13. maí þ. á. vottorð frá Vilhjálmi Jónssyni, viðgerðarmanni bifreiða á Akureyri. Vottorði þessu mótmælti varnaraðili á dómþingi 20. maí þ. á. Eftir það fékk kærandi fresti til 10. júní þ. á., en þá krafðist hann enn 2 vikna framhaldsfrests, til þess að nefndur Vilhjálmur staðfesti vottorð sitt fyrir dómi á Akureyri. Með því að kærandi hefur ekki fært að því sönnur, að hann hafi ekki getið notað áður fengna fresti til að leiða greint vitni fyrir dóm, þá þykir vegna mótmæla varnaraðilja verða að synja honum frestsins og staðfesta hinn kærða úrskurð, sbr. 110. gr. laga nr. 85/1936.

Samkvæmt þessum úrslitum verður að dæma kæranda til

að greiða varnaraðilja málskostnað fyrir hæstarétti, og þykir hann hæfilega ákveðinn 125 krónur.

Það athugast, að lýsingu málsatvika er áfátt í hinum áfrýjaða úrskurði, en ekki þykir nægileg ástæða til að ómerkja hann af þeim sökum.

Því dæmist rétt vera:

Hinum kærða úrskurði skal óraskað.

Kærandi, Þórhallur Arnórsson, greiði varnaraðilja, Kristjáni Guðmundssyni, 125 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför 'að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 17. júní 1943.

Í þinghaldi hinn 10. þ. m. fór stefndur fram á 2 vikna framhaldsfrest, til þess að staðfest verði fyrir rétti á Akureyri vottorðið á rskj. nr. 6, þar eð stefnandi hefur neitað að taka það gilt sem staðfest.

Stefnandi hefur mótmælt fresti til þessa og m. a. bent á það, að stefndur hefur, þegar hann lagði fram umrætt vottorð, lýst yfir því, að hann myndi ekki annast staðfestingu þess.

Verður að fallast á það með stefnanda, að stefndur hafi firrt sig rétti til að byggja frestbeiðni sína á mótmælum stefnanda gegn framangreindu vottorði, enda er svo langur tími liðinn, síðan þau mótmæli komu fram, að ekki verður séð, að aukins frests hafi verið þörf vegna þeirra, og er því ekki unnt að veita stefndum hinn umbeðna frest.

Því úrskurðast:

Hinn umbeðni frestur verður ekki veittur.